

**Sp.**

**623. Tillaga til þingsályktunar**

**[173. mál]**

um hraðfrystihús á Siglufirði.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson, Ólafur Thors.

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess að verja af ríkisfé allt að 1.5 millj. króna í því skyni að koma upp hraðfrystihúsi á Siglufirði og ábyrgjast allt að 1.5 millj. króna til þessara framkvæmda, verði þess talin þörf.

**Greinargerð.**

Undanfarna mánuði hefur farið fram athugun á því, hvað helzt væri tiltækilegt að gera til hjálpar atvinnulífi á Siglufirði, en sá kaupstaður hefur orðið flestum öðrum stöðum verr úti undanfarin ár, vegna þess að síld hefur litið veiðzt síðustu sjö árin í samanburði við það, sem áður var, en síldveiðar og síldarvinnsla er svo sem kunnugt er aðalatvinnuvegur Siglfirðinga.

Á síðast liðnu ári átti ríkisstjórnin hlut að því, að Siglufjörður fengi togara til viðbótar þeim, sem hærinn átti fyrir, í því skyni að auka með því atvinnu í kaupstaðnum. Hefur af þessu orðið nokkur atvinnubót, en sökum þess hve frystihúsa-kostur er lítill á Siglufirði hefur ekki tekizt að nytja afla togaranna þar heima svo sem æskilegt hefði verið.

Nú er til athugunar að finna leiðir til að bæta úr þessari vöntun. Áætlun hefur verið gerð um byggingarkostnað hæfilegs hraðfrystihúss, og er talið, að það muni kosta uppkomið um 4 millj. króna. Fullvíst er og, að slíku fyrirtæki verður ekki komið upp á Siglufirði, eins og nú háttar þar atvinnumálum, nema með aðstoð ríkissjóðs í einhverri mynd.

Með tillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til stuðnings við þetta málefni, og er gert ráð fyrir, ef Alþingi fellst á tillögun, að málið verði tekið til nánari athugunar af ríkisstjórninni.